

Námsáætlun fyrir stærðfræði - 6. bekkur
Skólaárið 2025 – 2026



Kennarar: Laufey Erlendsdóttir og Þórunn Katla Tómasdóttir

Tíma fjöldi: 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 6. bekkjar getur nemandi	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Lota 1 Tölur og reikningur	- Útskýrt sætiskerfið - Áætlað svar og leyst dæmi í huganum - Lagt saman og dregið frá með negatífum tölum - Sett upp og reiknað dæmi með margföldun - Margfaldað með tveggja stafa tölu - Fundið og útskýrt frumtölur - Raðað tölum eftir stærð - Sett upp dæmi og reiknað með samlagningu - Sett upp og reiknað dæmi með deilingu - Deilt með tveggja stafa tölu - Námundað og notað slumpreikning - Staðsett tölur á talnalínu - Sett upp dæmi og reiknað með frádrætti - Gert sér grein fyrir tengslum margföldunar og deilingar - Farið með margföldunartöflurnar 0x-6x og 10x utanbókar - Farið með 7x – 9x töflurnar utanbókar - Unnið með talnarunur og mynstur - Haldið utan um eigið nám og námsgögn, sýnt útreikninga og leiðrétt	Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum. Innlögn og sýnikennsla, hópavinna, leikir, spil og upplýsingatækni. Nemendur vinna einir eða með öðrum við lausn viðfangsefna eftir eðli þeirra og umfangi.	Könnun eftir hvern kafla, vinna, virkni og ástundun metin. Símat. Reglulegar kannanir í margföldunartöflu.

Lota 2 Tölfræði og líkindi	• Metið líkur við mismunandi aðstæður • Notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess • Reiknað líkur út frá einföldum tilraunum • Gert tilraunir til að segja til um hversu líklegt sé að ákveðinn atburður verði • Leyst verkefni þar sem afla þarf upplýsinga, fundið lausnir og sett fram niðurstöður á skýran og skipulegan hátt • Unnið með einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi • Undirbúið og flutt kynningu á eigin vinnu • Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir	Ýmsar kennsluaðferðir, innlögn, sýnikennsla, einstaklings- og hópa/paravinna.	Könnun, vinna, virkni og ástundun metin. Verkefnaskil.
Lota 3 Tugabrot	• Gert sér grein fyrir hugtakinu aukastafur • Námunðað tugabrot • Staðsett tugabrot á talnalínu • Raðað tugabrotum eftir stærð • Sett upp dæmi og reiknað með tugabrotum • Margfaldað saman heila tölu og tugabrot	Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum. Innlögn og sýnikennsla, hópavinna, leikir, spil og upplýsingatækni.	Könnun eftir hvern kafla Einstaklings og hópaverkefni. Virkni, símat.

Lota 4 Rúmfræði	• Greint eiginleika, einkenni og heiti tvívíðra forma • Notað gráðuboga til að mæla horn • Breytt einni mælieiningu í aðra • Mælt og reiknað flatarmál • Teiknað hornlínur • Teiknað í fjarvidd út frá hvarfpunkti • Mælt og reiknað ummál	Innlögn og sýnikennsla, hópavinna, verklegar æfingar.	Könnun eftir hvern kafla, vinna, virkni og ástundun metin auk verkefnavinnu og samvinnu.
Lota 5 Mælingar	• Greint eiginleika, einkenni og heiti þrívíðra forma • Mælt og reiknað rúmmál • Áætlað mál og valið viðeigandi mælieiningu • Mælt og reiknað yfirborðsflatarmál ferstrendinga	Innlögn og sýnikennsla, hópavinna, verklegar æfingar og orðaforði.	Könnun eftir hvern kafla, vinna, virkni og ástundun metin.
Lota 6 Almenn brot	• Fundið samnefnara • Fundið hve stór hluti er af heild • Margfaldað saman heila tölu og almenn brot • Fundið heildina út frá broti • Lengd og stytt brot • Lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum • Lagt saman og dregið frá með ósamnefndum brotum • Fundið brot sem eru jafn gild - jafn stór • Breytt almennum brotum í prósentur (1/100, 10/100, 25/100, 50/100) • Reiknað 10%, 25%, 50% og 100% af heild	Ýmsar kennsluaðferðir. Innlögn og sýnikennsla, hópavinna, leikir, spil og upplýsingatækni.	Könnun eftir hvern kafla, vinna, virkni og ástundun metin.

Hæfni metin þvert á lotur	• Haldið utan um eigið nám og námsgögn, sýnt útreikninga og leiðrétt • Tekið þátt í umræðum • Leyst stærðfræðiþrautir • Tjáð sig munnlega um hugtök, reglur og reikniaðferðir • Notað fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt • Túlkað og notað einföld stærðfræðiták • Tjáð sig myndrænt um hugtök, reglur og reikniaðferðir • Unnið í samvinnu við aðra • Gert sér grein fyrir verðgildi peninga og þekkt helstu hugtök fjármála	Símat. Tímavinna, heimavinna, hópavinna, vandvirkni, metnaður og samskipti. Ýmis aukaverkefni og stærðfræðiþrautir.	Símat kennara.
Námsgögn: Stika 2a og 2b. Ýmis verkefni frá kennara, ljósrit öpp og vefefni. Unnið er eftir lotukerfi og fær hver nemandi lotublað sem er yfirlit yfir hverja lotu.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.			